

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/620

2021/EES/74/01

frá 15. apríl 2021

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) <sup>(1)</sup>, einkum 31. gr. (3. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 37. gr. (a-liður 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er komið á fót nýjum lagamma um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er einkum mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur um sjúkdómana sem skráðir eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hennar (skráðir sjúkdómar) og í 9. gr. hennar er kveðið á um hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er einnig kveðið á um að aðildarríkin komi á fót skyldubundnum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir slíkum áætlunum. Í henni er að auki kveðið á um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir sjúkdómalausri stöðu eða bólusetningarlausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 <sup>(2)</sup> eru skráðir sjúkdómar skilgreindir sem sjúkdómar í A- til E-flokki og þar er kveðið á um að reglur um forvarnir og varnir gegn skráðum sjúkdómum, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eigi að gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir þær skráðu dýrategundir og hópa skráðra dýrategunda sem um getur í töflunni í viðaukanum við þá reglugerð. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um reglur sem varða sjúkdóma í A-, B- eða C-flokki.
- 3) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 er litið á eftirfarandi sjúkdóma sem skráða sjúkdóma: sýking af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sýking af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (MTBC), sýking af völdum hundaæðisveiru, smitandi hvítblæði í nautgripum, sýking af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24), smitandi slímhúðarpest í nautgripum, smitandi nef- og barkabólga í nautgripum/smitandi skeiðarbólga, sýking af völdum Aujeszky-sveikiveiru, meindýrasmit af völdum *Varroa* spp., sýking af völdum Newcastle-veikiveiru, sýking af völdum alvarlegrar fuglainflúensu (HPAI), veirublæði (VHS-veiki), iðradrep (IHN-veiki), sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, sýking af völdum martelúveikisýkils, sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*, sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*) og sýking af völdum hvítblettaveikiveiru. Allir þessir skráðu sjúkdómar falla undir skilgreiningarnar á sjúkdómum í A-, B- eða C-flokki sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og eru skráðir á viðeigandi hátt í töflunni í viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2021, ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stj. 2016, ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stj. 2018, ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

- 4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 <sup>(3)</sup> bætir við reglur um útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma í landdýrum, lagardýrum og öðrum dýrum eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er einkum komið á fót viðmiðunum fyrir því að veita aðildarríkjum eða svæðum eða hólfulum þeirra sjúkdómalausastöðu ásamt kröfum varðandi samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólful þeirra.
- 5) Í 85. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2020/689 er kveðið á um að líta skuli svo á að aðildarríki eða svæði þeirra, sem voru með í gildi samþykktu útrýmingaráætlun eða samþykktu eftirlitsáætlun fyrir sjúkdóma í C-flokki áður en sú reglugerð kemur til framkvæmda, séu með samþykktu útrýmingaráætlun í samræmi við þá reglugerð í sex ár frá þeim degi þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda. Til samræmis við það ætti að tilgreina þessa takmörkun í viðeigandi viðaukum við þessa reglugerð.
- 6) Í 280. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/429 er kveðið á um reglurnar um viðhald fyrirbyggjandi sjúkdómalausarstöðu eða samþykktu útrýmingar- eða eftirlitsáætlana aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra fyrir tiltekna skráða sjúkdóma sem samþykktar voru með gerðum framkvæmdastjórnarinnar sem voru samþykktar í samræmi við tilskipanir ráðsins 64/432/EBE <sup>(4)</sup>, 91/68/EBE <sup>(5)</sup>, 92/65/EBE <sup>(6)</sup>, 2005/94/EB <sup>(7)</sup>, 2006/88/EB <sup>(8)</sup> eða 2009/158/EB <sup>(9)</sup>. Þar að auki koma ákvæði 84. og 85. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 til viðbótar við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að þessu leyti þar sem mælt er fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi sjúkdómalausarstöður sem fyrir eru og fyrirbyggjandi samþykktu útrýmingar- og eftirlitsáætlanir, að því er varðar þessa skráðu sjúkdóma.
- 7) Fyrir sakir einföldunar og gagnsæis ættu skrárnar sem settar eru fram í viðaukunum við þessa reglugerð að koma í stað skrána yfir núverandi sjúkdómalausastöðu aðildarríkja, svæði og hólful og fyrirbyggjandi samþykktu útrýmingar- og eftirlitsáætlanir sem settar eru fram í gerðum framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktar eru samkvæmt tilskipunum sem um getur í 280. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og í tilteknum tilskipunum sem um getur í 84. og 85. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.
- 8) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er í fyrsta skipti mælt fyrir um reglur að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma varðandi samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra og því gilda ákvæði 280. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ekki að því er varðar slíkar stöður. Þetta á við þegar um er að ræða sýkingu af völdum hundaeðisveiru, sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24), smitandi slímhúðarpest í nautgripum eða sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*. Nokkur aðildarríki hafa lagt umsóknir um veitingu sjúkdómalausarstöðu fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa skráðu sjúkdóma. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar hefur komið í ljós að þessar umsóknir hafa uppfyllt viðmiðanirnar í 1. og 2. þætti 4. kafla í II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 þar sem mælt er fyrir um reglur varðandi veitingu sjúkdómalausarstöðu fyrir aðildarríki eða svæði eða hólful þeirra. Því ætti að veita þeim aðildarríkjum eða viðeigandi svæðum eða hólfulum þeirra sjúkdómalausastöðu og ættu þau að vera skráð á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtuð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtuð. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64).

<sup>(5)</sup> Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtuð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

<sup>(6)</sup> Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjtuð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

<sup>(7)</sup> Tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (Stjtuð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16).

<sup>(8)</sup> Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdyr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtuð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

<sup>(9)</sup> Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtuð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).

- 9) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er mælt fyrir um reglur að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma varðandi samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólfi þeirra sem falla ekki undir ákvæði 280. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þetta á við þegar um er að ræða sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (MTBC), sýkingu af völdum hundaeðisveiru, smitandi hvítblæði í nautgripum, sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24), smitandi slímhúðarpest í nautgripum eða sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*. Nokkur aðildarríki hafa lagt umsóknir um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa skráðu sjúkdóma. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar hefur komið í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar í 2. og 3. kafla II. hluta í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 þar sem mælt er fyrir um viðmiðanir sem þarf að uppfylla til að fá samþykki fyrir útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum og lagardýrum, eftir því sem við á. Því ætti að samþykkja þessar útrýmingaráætlanir og aðildarríki eða svæði og hólfi þeirra ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 10) Að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma hefur framkvæmdastjórninni ekki enn borist umsóknir frá aðildarríkjum um veitingu sjúkdómalausrar stöðu eða um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum, eða mati á þeim er enn ekki lokið. Þegar umsóknir hafa borist eða þegar matinu er lokið er heimilt að skrá viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi í viðaukana við þessa reglugerð.
- 11) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* hafa aðildarríki þar að auki nýlega lagt fram umsókn til framkvæmdastjórnarinnar um að fá úthlutað sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* fyrir svæði. Í kjölfar mats framkvæmdastjórnarinnar hefur komið í ljós að umsóknin uppfyllir viðmiðanirnar í 71. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 þar sem mælt er fyrir um reglur um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu sem byggist á útrýmingaráætlunum. Því ætti að veita svæðinu sjúkdómalaus stöðu og skrá það á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 12) Að því er varðar fuglainflúensu er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009 <sup>(10)</sup>, sem var samþykkt samkvæmt tilskipun 2005/94/EB, kveðið á um samþykki aðildarríkjanna fyrir alifuglahólfum og hólfum fyrir aðra fugla í haldi. Skráin yfir samþykkt hólfi er aðgengileg öllum og á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar eru hlekkir á upplýsingasíður aðildarríkjanna á Netinu. Alifuglahólf og hólfi fyrir aðra fugla í haldi sem samþykkt eru að því er varðar fuglainflúensu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 616/2009 ættu að viðhalda sjúkdómalausri stöðu sinni í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429 og ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 13) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB <sup>(11)</sup> eru tilgreind þau aðildarríki og landsvæði þeirra sem eru með þá stöðu að vera laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripum, í samræmi við tilskipun 64/432/EBE. Þessi aðildarríki og landsvæði þeirra ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 14) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE <sup>(12)</sup> er sett fram skrá yfir aðildarríki og landsvæði þeirra sem eru opinberlega viðurkennd sem laus við öldusótt (*B. melitensis*) í samræmi við tilskipun 91/68/EBE. Þessi aðildarríki og landsvæði þeirra ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.

<sup>(10)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009 frá 13. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2005/94/EB að því er varðar samþykki fyrir alifuglahólfum og hólfum fyrir aðra fugla í haldi með tilliti til fuglainflúensu, og frekari, fyrirbyggjandi ráðstafanir varðandi smitvarnir í slíkum hólfum (Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 16).

<sup>(11)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgriphjörðum (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74).

<sup>(12)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE frá 21. desember 1992 um staðfestingu á því að tiltekin aðildarríki eða héruð fullnægja skilyrðum vegna öldusóttar (*B. melitensis*) og um viðurkenningu þeirra sem aðildarríkja eða héraða sem eru opinberlega laus við sjúkdóminn (Stjtið EB L 13, 21.1.1993, bls. 14).

- 15) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB <sup>(13)</sup> er sett fram skrá yfir aðildarríki eða yfirráðasvæði þeirra sem eru viðurkennd sem laus við varróaveiki í samræmi við tilskipun 92/65/EBE. Þessi aðildarríki og yfirráðasvæði þeirra ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 16) Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 94/963/EB <sup>(14)</sup> og 95/98/EB <sup>(15)</sup> varða stöðu Finnlands og Svíþjóðar sem „ekki bóluset“ að því er varðar Newcastle-veiki í samræmi við tilskipun 2009/158/EB. Þessi aðildarríki ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 17) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB <sup>(16)</sup> eru settar fram skrár yfir landsvæði aðildarríkja sem eru með þá stöðu að vera laus við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum og landsvæði aðildarríkja sem eru með samþykktá útrýmingaráætlun gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum í samræmi við tilskipun 64/432/EBE. Landsvæðin með þá stöðu að vera laus við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð en landsvæði með samþykktá útrýmingaráætlunir gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum ættu að viðhalda áætlunum sínum í takmarkaðan tíma í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/689 og ætti að skrá þau í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 18) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB <sup>(17)</sup> eru settar fram skrár yfir aðildarríki eða landsvæði þeirra sem eru með þá stöðu að vera laus við Aujeszzkys-veiki og landsvæðin sem eru með samþykktá útrýmingaráætlun gagnvart Aujeszzkys-veiki í samræmi við tilskipun 64/432/EBE. Þessi aðildarríki eða landsvæði þeirra með þá stöðu að vera laus við Aujeszzkys-veiki ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð en landsvæði með samþykktá útrýmingaráætlunir gagnvart Aujeszzkys-veiki ættu að viðhalda þeim í takmarkaðan tíma í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/689 og ætti að skrá þau á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 19) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB <sup>(18)</sup> eru settar fram skrár yfir aðildarríki og tiltekin svæði og hólfr með sjúkdómalaus stöðu eða sem falla undir samþykktá eftirlits- eða útrýmingaráætlunir að því er varðar skráða sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Sjúkdómalaus stöðu þessara aðildarríkja, svæða og hólfa ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð en samþykktá áætlunum ætti að viðhalda í takmarkaðan tíma í samræmi við 85. gr. reglugerðar (ESB) 2020/689 og ætti að skrá á viðeigandi hátt í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 20) Að því er varðar skráða sjúkdóma í lagardýrum eru tiltekin sjúkdómalaus svæði og hólfr og samþykktá eftirlitsáætlunir, sem ekki eru skráð í ákvörðun 2009/177/EB, en skrár yfir þau eru aðgengilegar öllum á upplýsingasíðum aðildarríkjanna á Netinu í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Þessi svæði og hólfr ættu að viðhalda sjúkdómalausri stöðu sinni þar sem viðhalda ætti áætlunum í takmarkaðan tíma í samræmi við 85. gr. reglugerðar (ESB) 2020/689. Uppfærðar upplýsingar varðandi starfsstöðvar sem eru staðsettar á þessum sjúkdómalausum svæðum og hólfrum, eða sem falla undir þessar áætlunir, eru settar fram á vefsetri sem er aðgengilegt öllum, sem komið er á fót og viðhaldið í samræmi við 3. mgr. 185. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og 2. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 <sup>(19)</sup>.

<sup>(13)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómsslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki (Stj. tíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38).

<sup>(14)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/963/EB frá 28. desember 1994 um þá stöðu Finnlands sem lands sem bólusetur ekki gegn Newcastle-veiki (Stj. tíð. EB L 371 31.12.1994, bls. 29).

<sup>(15)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/98/EB frá 13. mars 1995 um þá stöðu Svíþjóðar sem lands sem bólusetur ekki gegn Newcastle-veiki (Stj. tíð. EB L 75, 4.4.1995, bls. 28).

<sup>(16)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. júlí 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 64/432/EBE um viðbótarábyrgðir, að því er varðar smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum, vegna viðskipta innan Bandalagsins með nautgripi og samþykktá áætlana um útrýmingu sjúkdómsins sem tiltekin aðildarríki hafa lagt fram (Stj. tíð. ESB L 249, 23.7.2004, bls. 20).

<sup>(17)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszzkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn (Stj. tíð. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19).

<sup>(18)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlunir og sjúkdómalaus stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa (Stj. tíð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15).

<sup>(19)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr (Stj. tíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345).

- 21) Þar sem skrárnar sem settar eru fram í viðaukunum við þessa reglugerð koma í stað skrána sem settar eru fram í ákvörðunum 93/52/EBE, 94/963/EB, 95/98/EB, 2003/467/EB, 2004/558/EB, 2008/185/EB og 2009/177/EB, reglugerð (EB) nr. 616/2009 og framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB ætti að fella þessar gerðir úr gildi og þessi reglugerð að koma í þeirra stað.
- 22) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir reglugerð (ESB) 2016/429, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á henni, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum. Af þessum sökum ætti að skrá Breska konungsríkið (Norður-Írland) í viðaukunum við þessa reglugerð þar sem við á fyrir Norður-Írland.
- 23) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi skráða dýrasjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu tiltekinn aðildarríkja<sup>(20)</sup> eða svæða eða hólfa þeirra, og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma.
2. Í viðaukunum við þessa reglugerð eru skráð aðildarríki eða svæði eða hólf þeirra þar sem sjúkdómalaus staða þeirra eða útrýmingaráætlanir teljast samþykkt, eins og kveðið er á um í 280. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og þau þar sem sjúkdómalaus staða og útrýmingaráætlanir skulu samþykkt á viðeigandi hátt með þessari reglugerð og skráð á viðeigandi hátt í viðaukunum við hana.
3. Í viðaukunum við þessa reglugerð eru skráð:
  - a) aðildarríki eða svæði eða hólf þeirra með samþykktar skyldubundnar útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B-flokki og valkvæðar útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í C-flokki,
  - b) aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu,
  - c) hólf aðildarríkja með viðurkennda sjúkdómalaus stöðu.

##### 2. gr.

#### Sýking af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum skulu skráð í 1. kafla I. hluta í I. viðauka.

<sup>(20)</sup> Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum skulu skráð í 2. kafla I. hluta í I. viðauka.
3. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt skyldubundna útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* skulu skráð í II. hluta í I. viðauka.

3. gr.

#### **Sýking af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*)**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*Mycobacterium bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*) skulu skráð í I. hluta II. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt skyldubundna útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* skulu skráð í II. hluta í II. viðauka.

4. gr.

#### **Sýking af völdum hundaeðisveiru**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum hundaeðisveiru skulu skráð í I. hluta III. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt skyldubundna útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hundaeðisveiru skulu skráð í II. hluta í III. viðauka.

5. gr.

#### **Smitandi hvítblæði í nautgripum**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart smitandi hvítblæði í nautgripum skulu skráð í I. hluta IV. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt valkvæða útrýmingaráætlun vegna smitandi hvítblæðis í nautgripum skulu skráð í II. hluta IV. viðauka.

6. gr.

#### **Smitandi nef- og barkabólga í nautgripum/smitandi skeiðarbólga**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu skulu skráð í I. hluta V. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt valkvæða útrýmingaráætlun vegna smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu skulu skráð í II. hluta V. viðauka.

7. gr.

#### **Sýking af völdum Aujeszzkys-veikiveiru**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru skulu skráð í I. hluta VI. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykkt valkvæða útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum Aujeszzkys-veikiveiru skulu skráð í II. hluta VI. viðauka.

8. gr.

#### **Smitandi slímhúðarpest í nautgripum**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum skulu skráð í I. hluta VII. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka valkvæða útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum skulu skráð í II. hluta VII. viðauka.

9. gr.

#### **Sýking af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24)**

1. Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) skulu skráð í I. hluta VIII. viðauka.
2. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka valkvæða útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru skulu skráð í II. hluta VIII. viðauka.

10. gr.

#### **Meindýrasmit af völdum *Varroa* spp.**

Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart meindýrasmiti af völdum *Varroa* spp. skulu skráð í IX. viðauka.

11. gr.

#### **Sýking af völdum Newcastle-veikiveiru**

Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru án bólusetningar skulu skráð í X. viðauka.

12. gr.

#### **Sýking af völdum alvarlegrar fuglainflúensu (HPAI)**

Hólf aðildarríkja sem eru laus við alvarlega fuglainflúensu skal skrá í XI. viðauka.

13. gr.

#### **Veirublæði (VHS-veiki)**

1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XII. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart veirublæði (VHS-veiki),
  - b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart VHS-veiki og
  - c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalaus stöðu gagnvart VHS-veiki, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.
2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XII. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með samþykka útrýmingaráætlun vegna VHS-veiki,

- b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yferráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykktu útrýmingaráætlun vegna VHS-veiki og
- c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykktu útrýmingaráætlun vegna VHS-veiki, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

14. gr.

#### Iðradrep (IHN-veiki)

- 1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XIII. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yferráðasvæði þeirra er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart iðradrepi (IHN-veiki),
  - b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yferráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart IHN-veiki og
  - c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalausá stöðu gagnvart IHN-veiki, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.
- 2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XIII. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yferráðasvæði þeirra er með samþykktu útrýmingaráætlun vegna IHN-veiki,
  - b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yferráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykktu útrýmingaráætlun vegna IHN-veiki og
  - c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykktu útrýmingaráætlun vegna IHN-veiki, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

15. gr.

#### Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu

- 1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XIV. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yferráðasvæði þeirra er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu.
  - b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yferráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu og
  - c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.
- 2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XIV. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yferráðasvæði þeirra er með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu,
  - b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yferráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu og
  - c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.



## 16. gr.

**Sýking af völdum martelúveikisýkils (*Marteilia refringens*)**

1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XV. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum martelúveikisýkils,
  - b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum martelúveikisýkils og
  - c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum martelúveikisýkils, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.
2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XV. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum martelúveikisýkils,
  - b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum martelúveikisýkils og
  - c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum martelúveikisýkils, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

## 17. gr.

**Sýking af völdum *Bonamia exitiosa***

1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XVI. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*,
  - b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa* og
  - c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.
2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XVI. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Bonamia exitiosa*,
  - b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Bonamia exitiosa* og
  - c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Bonamia exitiosa*, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

## 18. gr.

**Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)**

1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XVII. viðauka:
  - a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með sjúkdómalaus stöðu gagnvart sýkingu af völdum ostruveikisýkils,

- b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum ostruveikisýkils og
- c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum ostruveikisýkils, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XVII. viðauka:

- a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum ostruveikisýkils,
- b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum ostruveikisýkils og
- c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum ostruveikisýkils, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

*19. gr.*

### **Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru**

1. Eftirfarandi skal skráð í I. hluta XVIII. viðauka:

- a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru,
- b) svæði eða hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru og
- c) svæði eða hólf aðildarríkja með sjúkdómalausá stöðu gagnvart sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

2. Eftirfarandi skal skráð í II. hluta XVIII. viðauka:

- a) Aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæði þeirra er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hvítblettaveikiveiru,
- b) svæði og hólf aðildarríkja þar sem yfir 75% yfirráðasvæðis aðildarríkisins er með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hvítblettaveikiveiru og
- c) svæði og hólf aðildarríkja með samþykka útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hvítblettaveikiveiru, þar sem vatnasviðið, sem sér þessum svæðum eða hölfum aðildarríkja fyrir vatni er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

*20. gr.*

### **Niðurfelling**

Eftirfarandi gerðir falla úr gildi:

- ákvörðun 93/52/EBE,
- ákvörðun 94/963/EB,
- ákvörðun 95/98/EB,
- ákvörðun 2003/467/EB,
- ákvörðun 2004/558/EB,
- ákvörðun 2008/185/EB,
- ákvörðun 2009/177/EB,
- reglugerð (EB) nr. 616/2009,
- framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB.

21. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

SÝKING AF VÖLDUM *BRUCELLA ABORTUS*, *B. MELITENSIS* OG *B. SUIIS*

## I. HLUTI

Sjúkdómalaus staða gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*

## 1. KAFLI

Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalausum stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum

Aðildarríki (*)	Yfirráðasvæði
Belgía	Allt yfirráðasvæðið
Tékkland	Allt yfirráðasvæðið
Danmörk	Allt yfirráðasvæðið
Þýskaland	Allt yfirráðasvæðið
Eistland	Allt yfirráðasvæðið
Írland	Allt yfirráðasvæðið
Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía Comunidad Autónoma de Aragón Comunidad Autónoma de Asturias Comunidad Autónoma de Islas Baleares Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Cantabria Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha Comunidad Autónoma de Castilla y León Comunidad Autónoma de Cataluña Comunidad Autónoma de Extremadura: provincia de Badajoz Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma de La Rioja Comunidad Autónoma de Madrid Comunidad Autónoma de Murcia Comunidad Autónoma de Navarra Comunidad Autónoma de País Vasco Comunidad Autónoma de Valencia
Frakkland	Allt yfirráðasvæðið
Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia di Pescara Regione Campania: Province di Avellino, Benevento, Napoli Regione Emilia-Romagna Regione Friuli Venezia Giulia Regione Lazio Regione Liguria Regione Lombardia Regione Marche Regione Molise: Provincia di Campobasso Regione Piemonte

	Regione Puglia: Province di Bari, Barletta-Andria-Trani, Brindisi, Lecce Regione Sardegna Regione Toscana Regione Trentino – Alto Adige Regione Umbria Regione Valle d'Aosta Regione Veneto
Kýpur	Allt yfirráðasvæðið
Lettland	Allt yfirráðasvæðið
Litáen (Lietuva)	Allt yfirráðasvæðið
Lúxemborg	Allt yfirráðasvæðið
Malta	Allt yfirráðasvæðið
Holland (Niðurland)	Allt yfirráðasvæðið
Austurríki	Allt yfirráðasvæðið
Pólland	Allt yfirráðasvæðið
Portúgal	Região Algarve: öll distritos Região Autónoma dos Açores: Ilhas de Corvo, Faial, Flores, Graciosa, Pico, Santa Maria Região Centro: distritos Aveiro, Viseu, Guarda, Coimbra, Leiria, Castelo Branco
Rúmenía	Allt yfirráðasvæðið
Slóvenía	Allt yfirráðasvæðið
Slóvakía	Allt yfirráðasvæðið
Finnland	Allt yfirráðasvæðið
Svíþjóð	Allt yfirráðasvæðið
Breska konungsríkið (Norður-Írland)	Norður-Írland

(\*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

## 2. KAFLI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalausna stöðu gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum**

Aðildarríki (*)	Yfirráðasvæði
Belgía	Allt yfirráðasvæðið
Tékkland	Allt yfirráðasvæðið
Danmörk	Allt yfirráðasvæðið
Þýskaland	Allt yfirráðasvæðið
Eistland	Allt yfirráðasvæðið

Írland	Allt yfirráðasvæðið
Spánn	Allt yfirráðasvæðið
Frakkland	Région Auvergne et Rhône-Alpes Région Bourgogne-Franche-Comté Région Bretagne Région Centre-Val de Loire Région Corse Région Grande Est Région Hauts-de-France Région Ile-de-France Région Normandie Région Nouvelle-Aquitaine Région Occitanie Région Pays de la Loire Région Provence-Alpes-Côte d'Azur
Ítalía	Regione Abruzzo Regione Calabria: Province di Catanzaro, Cosenza Regione Campania: Provincia di Benevento Regione Emilia-Romagna Regione Friuli Venezia Giulia Regione Lazio Regione Liguria Regione Lombardia Regione Marche Regione Molise Regione Piemonte Regione Puglia: Province di Bari, Barletta-Andria-Trani, Brindisi og Taranto Regione Sardegna Regione Toscana Regione Trentino – Alto Adige Regione Umbria Regione Valle d'Aosta Regione Veneto
Kýpur	Allt yfirráðasvæðið
Lettland	Allt yfirráðasvæðið
Litáen (Lietuva)	Allt yfirráðasvæðið
Lúxemborg	Allt yfirráðasvæðið
Ungverjaland	Allt yfirráðasvæðið
Holland (Niðurland)	Allt yfirráðasvæðið
Austurríki	Allt yfirráðasvæðið
Pólland	Allt yfirráðasvæðið
Portúgal	Região Autónoma dos Açores
Rúmenía	Allt yfirráðasvæðið
Slóvenía	Allt yfirráðasvæðið
Slóvakía	Allt yfirráðasvæðið

Finnland	Allt yfirráðasvæðið
Svíþjóð	Allt yfirráðasvæðið
Breska konungsríkið (Norður-Írland)	Norður-Írland

(\*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

## II. HLUTI

### Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka útrýmingaráætlun vegna *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*

Engin, sem stendur.

## II. VIÐAUKI

SÝKING AF VÖLDUM SAMSETNINGA *MYCOBACTERIUM TUBERCULOSIS* (*M. BOVIS*, *M. CAPRAE* OG *M. TUBERCULOSIS*)

## I. HLUTI

Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómsslausa stöðu gagnvart sýkingu af völdum samsetninga  
*Mycobacterium tuberculosis*

Aðildarríki	Yferráðasvæði
Belgía	Allt yferráðasvæðið
Tékkland	Allt yferráðasvæðið
Danmörk	Allt yferráðasvæðið
Þýskaland	Allt yferráðasvæðið
